

Mannrækt - lífsleikni

Í 9. bekk höldum við uppbyggingarstarfinu áfram frá árinu á undan. Í okkar augum sjáum við oftast miklar þroskabreytingar hjá þessum hópi þar sem aukin meðvitund um kynhlutverk, hugmyndir um kynlíf og margt því tengt taka aukið flug. Þess vegna finnst okkur mikilvægt að fræða, ræða og efla enn frekar sjálfmynd unglínganna með ráðum og dád. Sjálfstæðisþörfin verður sjáanlegri og skoðanamyndun eflist sem er auðvitað einnig þroskamerki. Einn mannræktartími er á stundaskrá nemenda allan veturinn.

Markmið

Að nemendur...

- rifji upp þá þætti í skólanum sem stuðla að öryggi þeirra sjálfra með því að þekkja viðbrögð við eldsvoða og jarðskjálftum og fái þjálfun í að rýma skólahúsnæðið ef hættu ber að höndum.
- fái leiðbeiningar um góða námshætti og námstækni og tileinki sér slík vinnubrögð.
- fræðist um landlegar breytingar unglingsáranna í takt við þær líkamlegu.
- efla umræðuna um góða sjálfmynd og hvernig hægt er að styrkja hana.
- skoði betur gildi vináttunnar en um leið hræðsluna að vera ekki „í hópnun“ og helstu leiðir og mistök sem eru gerð í leitinni að vinum/vinkonum.
- ræði og auki skilning sinn á hve trúnaður er mikilvægur í samskiptum, en ekki skiptimynt í vana/félagaleit.
- fræðist um afleiðingar baktals og hvernig á að forðast það.
- verði upplýstari um hvað felst í orðum eins og kynhvöt og kynhneigð og hvernig hvort tveggja birtist.
- taki þátt í umfjöllun um ást og kynlíf og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum í þessu samhengi.
- fái skýr dæmi um hvernig hver einstaklingur þarf að setja sér og öðrum mörk í nánari samskiptum en áður, þ.e. þegar kynhvötin og nýjar tilfinningar fara að láta á sér kræla.
- fái fræðslu og læri að þekkja muninn að kynlífi og klámi og hvaða viðvörunarmerki þurfi að þekkja um hið síðar nefnda sem getur leitt af sér ofbeldi; læri mikilvægi þess að „fá já“.
- læri að bera virðingu fyrir eigin einkastöðum og hvernig bregðast eigi við ef tilraun er gerð til þess að stíga yfir eðlileg mörk á því sviði (kynferðislegt ofbeldi í hvaða mynd sem er).
- kynnist hvaða viðbrögð eigi að sýna ef vitneskja um kynferðislegt ofbeldi er til staðar og hvernig hægt er að leita sér/öðrum hjálpar.
- verði meðvitaðri um áhrif Netsins á hugmyndir fólks um hvar eigi að setja mörk, eða þykja eðlilegt.
- styrki meðvitund sína um að kynlíf eigi að veita ánægju en ekki öfugt.
- efla þekkingu sína í fjármálalæsi, mikilvægi þess að skipuleggja tímann sinn og velja góðan lífsstíl og kynnist þeirri ábyrgð sem fylgir framhaldsskólaárum og fullorðinsárum.
- taki þátt í Forvarnadeginum og þeirri dagskrá sem boðið er upp á ár hvert.

- fái tækifæri til þess að segja frá líðan sinni í viðhorfskönnunum sem lagðar eru fyrir tvisvar á ári í tengslum við mannræktina.
- kynnist hjálparstarfi með því að taka þátt í söfnun fyrir ABC hjálparstarf.

Leiðir

Í námstímum vinna nemendur verkefni og taka þátt í umræðum um hin ýmsu viðfangsefni. Nemendur vinna einstaklingsverkefni og hópverkefni og stundum sem bekkur. Mannræktarkennari, náttúrfræðikennari og hjúkrunarfræðingur skólans vinna saman að kynfræðslu í 9. bekk á hverjum skólavetri. Gestir koma einnig í heimsókn í þessum tímum.

Námsmat

Skriflegt próf í lok 2. og 3. annar. Vinnubókaskil með viðfangsefnum annanna þar sem lagt er mat á glósugerð, verkefnaskil, vinnubrögð og fallegan frágang. Einnig er lagt mat á hvort verkefnum er skilað á réttum tíma, þátttöku í umræðum og að leggja gott til málanna. Matið er tvískipt; annars vegar prófseinkunn, hins vegar vinnueinkunn, sem er samsett úr fyrrgreindum þáttum.

Námsgögn

Stelpur og strákar, ljósrit frá kennara, námsefni á Netinu og myndbönd, t.d. „Fáðu já“, glærur.
